

Rusu gegn Austurríki

Dómur frá 2. október 2008

Mál nr. 34082/02

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Réttur til að fá upplýsingar um ástæður handtöku. Gæsla manns sem á að vísar úr landi.

1. Málsatvik

Kærandi, Cornelia Rusu, er rúmenskur ríkisborgari, fædd árið 1967 og búsett í Timisoara í Rúmeníu.

Þann 25. febrúar 2002 fór kærandi um landamæri Austurríkis og Ungverjaland á leið sinni til Rúmeníu eftir frí á Spáni. Daginn áður hafði farangri hennar ásamt skilríkjum, þ.m.t. vegabréfi hennar verið stolið á leið hennar um Frakkland. Þjófnaðinn hafði hún tilkynnt til þarlendrar lögreglu sem gaf út skjal til staðfestingar því. Með skjal lögreglunnar undir höndum hélt hún áfram ferðalagi sínu. Ungversk landamæralögregla synjaði henni um inngöngu í landið þar sem hún var ekki með viðhlítandi ferðaskilríki og var henni því snúið til baka. Austurrísk yfirvöld ákváðu að færa hana í varðhald á meðan beðið væri úrskurðar í brottvísunarmáli hennar. Þau rök voru færð fyrir ákvörðuninni að hætt væri við að hún flýði yrði sleppt úr haldi. Ákvörðunin var birt kæranda á þýsku en auk þess fylgdu með þeim tvö almennt orðuð upplýsingablöð á rúmensku. Tæpum tveimur vikum síðar, eða þann 7. mars, var túlkur fenginn til að aðstoða við birtingu brottvísunarúrskurðar á hendur kæranda. Á sama tíma þýddi túlkurinn framangreinda ákvörðun um vistun hennar í varðhaldi. Í kjölfarið var kæranda svo vísað úr landi og var henni gert að halda af landi brott þann 22. mars 2002.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn réttindum hennar þar sem varðhaldið sem henni var gert að sæta fram til þess að brottvísun var ákveðin, hefði verið ólögmætt, þar sem henni voru ekki veittar án tafar upplýsingar um ástæður þess á máli sem hún skildi. Með þessu hefði verið brotið í bága við rétt hennar til frelsis og mannhelgi samkvæmt 1. og 2. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn lagði áherslu á að 2. mgr. 5. gr. væri grundvallarákvæði að því leyti að það tryggir hverjum þeim sem tekinn væri höndum rétt til þess að fá án tafar, vitneskju á máli sem viðkomandi skilur um ástæður handtöku og þær sakir sem á hann eru bornar. Ákvæðið væri að auki einn helsti kjarni þeirrar verndar sem 5. gr. sáttmálans veitir einstaklingum og að á grundvelli þess ættu þeir sem sæta frelsissviptingu rétt á að fá tafarlaust upplýsingar, á skiljanlegu og einföldu máli, um lagalegar og raunverulegar ástæður hennar. Slíkar upplýsingar væru nauðsynlegar enda auðvelduðu þær einstaklingum að taka ákvarðanir um hvort bera ætti ákvarðanir um frelsissviptingu undir dómstól á grundvelli 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn benti á að upplýsingasiðurnar sem kæranda höfðu verið afhentar í upphafði hefðu verið almennt orðaðar og sem slíkar hefðu þær ekki haft að geyma tilteknar eða raunverulegar upplýsingar um handtöku hennar. Að auki hefði verið vísað til austurrískra útlendingalaga sem á þessum tíma voru fallin úr gildi. Það var ekki fyrr en tæpum tveimur vikum síðar þegar túlkurinn þýddi ákvörðunina frá 25. febrúar að henni urðu ljósar raunverulega og lagalega ástæðurnar fyrir varðhaldinu sem hún hafði sætt.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að með því að upplýsa kæranda ekki, án tafar, um ástæður þess að hún væri tekin höndum hefði verið brotið í bága við réttindi hennar samkvæmt 2. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók það sérstaklega fram það væri sláandi hvernig að austurrísk yfirvöld hefðu litið framhjá aðstæðum kæranda. Var sérstaklega bent á að ljóst var að kærandi hefði hvorki ætlað sér að dvelja ólöglega í Austurríki né ætlað sér að komast hjá málsmeðferð yfirvalda varðandi hugsanlega brottvísun hennar. Ítrekað var að varðhald einstaklinga fæli í sér alvarleg afskipti af lífi einstaklinga

og að ekki ætti að grípa til þess úrræðis nema fyrir lægi að önnur og vægari úrræði dygðu ekki til. Væri meðalhófs ekki gætt í þessum efnum væri hætt við því að slíkar ákvarðanir byggðust á geðþótta. Með vísan til þess að ákvarðanir í umræddu máli virtust hafa byggðar á geðþótta austurrískra yfirvalda var það einróma niðurstaða dómsólsins að einnig hefði verið brotið í bága við réttindi kæranda samkvæmt f. lið 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Þrátt fyrir að kærandi hefði ekki gert kröfu um greiðslu bóta voru henni dæmdar 3.000 evrur í miskabætur með hliðsjón af alvarleika brota austurrískra stjórnvalda.